

Þarfir nemenda í FÁ

**Skýrsla um verkefni skólaárið 2011-2012
Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði.**

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur verið framhaldsskóli síðan 1979 en formlega var skólinn stofnaður haustið 1981. Áður en skólinn fékk leyfi til að brautskrá nemendur í eigin nafni var hann í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Frá þeim tíma hefur skólinn þróast yfir í að vera einn stærsti framhaldsskóli landsins og þar er sífellt unnið að stefnumótun. Útskriftarnemar árið 1981 voru 88, allt stúdentar. Í dag leggur skólinn áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs og er móðurskóli starfsnáms á heilbrigðissviði auk þess sem boðið er upp á nám á almennri námsbraut, framhaldsskólabraut og sérnámsbrautum. Fjarnám hófst í FÁ árið 2001 og er boðið upp á fjölda áfanga í fjarnámi. Á vorönn 2012 voru nemendur 2304; 993 skráðir í dagskólanám og 1311 í fjarnám. Þá önn útskrifuðust samtals 145 nemendur, 78 stúdentar, 65 af heilbrigðissviði og af sérnámsbraut útskrifuðust 6 nemendur. Sex nemendur útskrifuðust af fleiri en einni braut.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla starfar eftir áfangakerfi. Starfsmenn eru að jafnaði um 120 talsins, þar af um 80 kennarar. Skólinn var lengi á hrakhólum með húsnaði en vorið 2008 var skóflustunga tekin að stækkun skólabyggingarinnar. Þessi nýbygging hefur nú að fullu verið tekin í notkun og bætir mjög möguleika skólans til að sinna þörfum nemenda sinna.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er með óvenju fjölbreyttan nemendahóp. Þar eru nemendur á misjöfnum aldri, þar er stór hópur nýbúa, margir nemendur hafa sértæka námsörðugleika, þar er starfsnámsbraut fyrir nemendur með sérþarfir, almenn braut og framhaldsskólabraut. Stærsti hópur nemenda stundar bóknám til stúdentsprófs eða starfsnám á heilbrigðisbrautum.

Skólinn vinnur nú að endurbættri skólanámskrá sem tekur mið af nýrri menntastefnu og fjölbreyttum nemendahópi.

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Í almennum hluta nýrrar Aðalnámskrár framhaldsskóla (2011) eru skilgreindir grunnþættir menntunar (læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa). Samkvæmt Aðalnámskránni eru grunnþættir menntunar læsi í víðum skilningi, sjálfbærni,

heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla. Jafnframt segir í Aðalnámskrá að í skólanámskrá skuli gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag og félagsstarfi með tilliti til grunnþáttanna sex og að þar skuli einnig gerð grein fyrir aðbúnaði, aðstöðu og almenntri þjónustu við nemendur. Í skólanámskrá eiga svo að vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Í Aðalnámskrá segir að þegar skólastarf sé metið þurfi m.a. að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á skólastarfið í heild og að annar hluti slíks mats sé mat sem skólar framkvæma sjálfir. Jafnframt segir að til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þurfi að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Skólanámskrá Fjölbrautaskólans við Ármúla – Könnun á högum nemenda

Í vinnu við gerð skólanámskrár Fjölbrautaskólans við Ármúla þarf að huga að grunnþáttum sem tekið er á í Aðalnámskrá og meta starf skólans. Þetta verkefni er þáttur í þessu mati. Kannaðar voru mismunandi aðstæður nemenda skólans til þess að hægt væri í námskrá að setja fram leiðir til að geta komið til móts við samfélagslegar þarfir þeirra. Í samræmi við þetta er hér leitað upplýsinga um hvernig vinna má að lýðheilsustefnu, forvarnastefnu, jafnréttisstefnu, umhverfis- og samgöngustefnu og fjölmenningsstefnu.

Verkefnið er byggt á gerð og úrvinnslu könnunar sem nota má til að móta raunhæfa skólustefnu og skólanámskrá. Tilgangur verkefnisins er að byggja upp mynd af fjölbreytni hópans og ólíkum þörfum hans til að geta tekið tillit til þeirra í skólastarfi framtíðar. Þannig var unnið í samræmi við nýja Aðalnámskrá framhaldsskóla auk þess sem unnið var í samræmi við lýðræðisleg vinnubrögð. Nemendur tóku fullan þátt í að móta spurningalista sem lagður var fyrir flesta þá nemendur skólans sem voru þar í ákveðinni kennslustund. Á þann hátt eiga nemendur þátt í að hafa áhrif á gerð námskrár og verkefnið getur vonandi átt þátt í að auka lýðræði og samræður og bæta samskipti í skólanum.

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins skólaárið 2012-2013 til að kanna viðhorf og hagi nemenda í skólanum. Efnið hefur verið kannað áður en ekki hefur verið til fjármagn til að vinna að ráði úr þeim könnunum. Af könnuninni má draga almennar ályktanir um hagi og viðhorf nemendanna og nota hana til að betrubæta námskrá skólans. Um könnunina sá Hannes Í Ólafsson, félagsfræðikennari og kennslustjóri á félagsfræðibraut, sérfræðiaðstoð við úrvinnslu gagna í SPSS veitti Helmut Hinrichsen, stærðfræðikennari og þróunarstjóri skólans.

Í janúar og febrúar 2012 tóku nemendur í áfanganum FÉL 403 djúpvíðtöl við 15 nemendur í skólanum. Þessi víðtöl fjölluðu um líðan nemenda í skólanum og þau voru síðan notuð þegar kennari og nemendur unnu að því í febrúar og mars 2012 að semja og velja spurningar í könnunina. Spurningarnar voru gerðar í samráði við skólastjórnendur og þróunarstjóra skólans. Þegar spurningarnar höfðu verið gerðar var gerð forkönnun meðal nemenda og að því loknu gengið frá endanlegum spurningalista (sjá fylgiskjal 1). Könnunin var lögð fyrir miðvikudaginn 22. mars í öðrum tíma skóladagsins, frá kl. 09:05 til kl. 09:55. Í könnuninni náðist til 300 nemenda, 120 pilta og 179 stúlkna. (sjá töflu 1). Niðurstöður voru unnar í SPSS tölfræðiforritinu og í Excel töflureikni. Í skýrslu um niðurstöður er tölfræðin sett fram í töflum og súluritum með krosskeyrslum á breytum.

Könnunin er þýðiskönnun þar sem hún nær ekki til tiltekins úrtaks heldur til allra þeirra nemenda sem náðist til í skólanum eða á skólalóðinni þegar könnunin var gerð. Í samráði við kennslustjóra sérnámsbrauta var könnunin ekki lögð fyrir þá 29 nemendur sem voru skráðir á þær brautir. Samtals hefðu 964 getað tekið könnunina ef miðað er við fjölda innritaðra í upphafi annar en en ætla má að margir nemendur hafi verið orðnir óvirkir þegar leið á önnina. Þegar könnunin var gerð áttu 471 nemandi að vera í kennslustund í skólanum. Eins og áður segir var úrtakið 300 nemendur sem er 64% þeirra nemenda sem áttu að vera í kennslustund.

Tafla 1:
Fjöldi skráðra nemenda í upphafi annar og fjöldi svarenda í könnuninni.

	<u>Skráðir nemendur</u>			<u>Svarendur</u>			<u>Hlutfall svarenda af skráðum nemendum</u>		
	KK	KVK	ALLS	KK	KVK	Alls	KK	KVK	ALLS
Heilbrigðissvið	26	219	245	4	38	42	15%	17%	17%
Aðrar brautir	323	396	719	116	141	258 *	36%	36%	36%
SAMTALS	349	615	964	120	179	300*	34%	29%	31%
Hlutfall	36%	64%	100%	40%	60%	100%			

* Einn nemandi gaf ekki upp kyn sitt

Þegar lesið er í töfluna hér að ofan ber að taka tillit til þess að á sumum brautum heilbrigðisviðs eru nemendur jafnframt í starfsþjálfun og hafa því ekki margar kennslustundir í töflu. Þess vegna er ekki óeðlilegt að svarhlutfall þar sé mun lægra en á öðrum brautum. Einnig ber að taka tillit til þess að nokkur fjöldi nemenda skráir sig í nám en er annars óvirkur í skólanum auk þess sem sumir nemendur eru með fáar kennslustundir í töflu. Svarhlutfallið er mjög svipað því sem verið hefur í samsvarandi könnunum sem gerðar hafa verið í skólanum.

Þótt í þessari skýrslu sé almennt gengið út frá því að úrtakið endurspegli þýðið „nemendur í FÁ“ ber að hafa í huga að í raun endurspeglar úrtakið aðeins þá sem voru í eða við skólann þegar könnunin var gerð. Í útreikningum eru vikmörk ekki reiknuð. Vikmörk eru notuð til þess að reikna tilviljanakennda skekkju þegar líkindaúrtak er tekið af þýði. Þegar um er að ræða þýðisúrtak koma slíkir útreikningar ekki að gagni. Úrtakið segir til um svörun allra þeirra sem voru í skólanum þegar könnunin var gerð og má því nota það til að alhæfa um þann hóp. Í þessari skýrslu er þó gengið skrefi lengra og úrtakið notað til að alhæfa almennt um nemendur skólans.

Um valið á spurningunum


Nemendur voru spurðir um bakgrunn sinn; kyn, fæðingarár, námsbraut og hvort þeir hefðu náð þeim einingum sem þeir lögðu upp með á síðustu önn. Annars snerust spurningarnar fyrst og fremst að stefnumálum skólanámskrár. Þess vegna tengdust spurningarnar *lýðheilsu* (Hvernig líður þér almennt í skólanum?, Hvenær ferðu vanalega að sofa á virkum dögum?, Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?), *forvarnarstefnu* (Neytir þú tóbaks daglega?, Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?, Telur þú þig hafa lagt einhvern í einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?), *jafnréttis- og fjölmenningarstefnu* (Þarf að leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert?, Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?) og *umhverfis- og samgöngustefnu* (Flokkar þú ruslið þitt í skólanum? Hvernig ferð þú oftast í skólann?).

Fyrir utan þessi stefnumál skólans var einnig tekið á á kennslumálum í spurningum um álit nemenda á umsjónartímum og á hvernig lokamat ætti að vera í áföngum sem kenndir eru í skólanum. Í skólanum er nú verið að taka á umsjónarkerfinu og miklar umræður hafa verið meðal nemenda og starfsfólks um hvaða lokamat hentar best þeim nemendahópi sem er í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Grunnupplýsingar úr könnuninni

Kyn: Karlar eru 40% í könnuninni en voru skráðir 36% í skólanum. Þetta fer saman við að það náðist til færri nemenda á heilbrigðisbrautum en á bóknámsbrautum. Karlkynsnemendur á heilbrigðisbrautum eru mun færri en karlkynsnemendur á bóknámsbrautum. Þetta misræmi á hlutfalli kynja í könnuninni og skráðra nemenda í skólanum getur skekkt niðurstöður könnunarinnar.

Hvert er kyn þitt?



	Fjöldi	Hlutfall
Karlkyn	120	40,1
Kvenkyn	179	59,9
Alls	299	100
Ei svarað	1	
Alls	300	

Fæðingarár: Hlutfall skráðra nemenda í skólanum eftir aldri var eftirfarandi:

Fæddir 1995 eða síðar 9%

Fæddir 1993-1994 22%


Fæddir 1991-1992 24%

Fæddir 1989-1990 15%

Fæddir 1987-1988 9%


Fæddir 1986 eða fyrr 21%

Eins og sjá má í töflu hér fyrir neðan vantar helst elsta hópinn í könnunina. Þessi hópur stundar oft nám á heilbrigðissviði og er þessi vöntun á eldri nemendum í samræmi við næstu töflu sem sýnir að lægsta hlutfall þátttakenda í könnuninni er á því sviði.



Hvaða ár ertu fædd/ur?		
	Fjöldi	Hlutfall
1995 eða síðar	36	12
1993-1994	83	27,7
1991-1992	66	22
1989-1990	45	15
1987-1988	28	9,3
1986 eða fyrr	42	14
Alls	300	100


Brautir: Skráðir nemendur á heilbrigðisbrautum eru 25% allra skráðra nemenda. Erfiðast gekk að ná í nemendur á heilbrigðisbrautum og eru þeir aðeins 14% úrtaksins. Áður hefur verið bent á að nemendur á heilbrigðisviði eru oft jafnframt í starfsþjálfun og hafa því ekki margar kennslustundir í töflu. Þess vegna er ekki óeðlilegt að svarhlutfall þar sé mun lægra en á öðrum brautum. Þar sem þessir nemendur eru einnig að meðaltali eldri en nemendur annarra brauta þá skýrir það lágt hlutfall eldri nemenda í könnuninni.



Á hvaða braut ert þú?

	Fjöldi	Hlutfall
Almenn braut/ framhaldsskólabraut	23	7,7
Félagsfræðibraut	119	39,7
Náttúrufræðibraut	62	20,7
Málabraut	30	10
Viðskipta-og hagfræðibraut	21	7
Heilbrigðisskólinn	42	14
Annað	3	1
Alls	300	100


Námshengi: Tæplega helmingur (48%) nemendanna náði á önninni á undan öllum þeim einingum sem þeir lögðu upp með í dagskóla.



Náðir þú öllum einingum sem þú lagðir upp með í dagskóla á síðustu önn?


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	130	43,3	47,6
Nei	143	47,7	52,4
Alls	273	91	100
Var ekki í dagskóla	27	9	
Alls	300	100	

Líðan: 95% nemenda í úrtakinu segir að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. Þrettán af 300 nemendum segja að þeim líði illa og tveir að þeim líði mjög illa.



Hvernig líður þér almennt í skólanum?			
	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög vel	87	29	29,2
Vel	196	65,3	65,8
Illa	13	4,3	4,4
Mjög illa	2	0,7	0,7
Alls	298	99,3	100
Ei svarað	2	0,7	
Alls	300	100	


Svefntími: Sjö af hverjum tíu nemendum segja að þeir fari að sofa um eða fyrir miðnætti.



Hvenær ferðu vanalega að sofa á virkum dögum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Fyrir kl 23	25	8,3	8,4
Um kl 23	60	20	20,3
Um kl 23:30	42	14	14,2
Um miðnætti	81	27	27,4
Um 00:30	40	13,3	13,5
Um 01 eða seinna	48	16	16,2
Alls	296	98,7	100
Ei svarað	4	1,3	
Alls	300	100	


Tóbaksneysla: Rétt rúmlega fjórðungur nemenda segist daglega neyta tóbaks af einhverju tagi.



Neytir þú tóbaks daglega?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	76	25,3	25,6
Nei	221	73,7	74,4
Alls	297	99	100
Ei svarað	3	1	
Alls	300	100	

Þolendur eineltis: 36% nemenda segist hafa orðið fyrir einelti. Einn nemandi hefur aðeins orðið fyrir einelti í framhaldsskóla en í tæplega 10% tilvika hefur einelti í grunnskóla haldið áfram í framhaldsskóla.




Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já í grunnskóla	96	32	32,2
Já í framhaldsskóla	1	0,3	0,3
Já í báðum	10	3,3	3,4
Nei	191	63,7	64,1
Alls	298	99,3	100
ei svarað	2	0,7	
Alls	300	100	

Gerendur eineltis: Næstum 30% nemenda segist hafa lagt einhvern í einelti í skóla.


Langalgengast er að eineltið hafir verið bundið við grunnskóla en 4% nemenda segjast þó hafa lagt einhvern í einelti í framhaldsskóla.



Telur þú þig hafa lagt einhvern í einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já í grunnskóla	76	25,3	25,5
Já í framhaldsskóla	2	0,7	0,7
Já í báðum	10	3,3	3,4
Nei	210	70	70,5
Alls	298	99,3	100
ei svarað	2	0,7	
Alls	300	100	


Jafnréttis- og fordómafræðsla: 23% nemenda segjast vilja leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi en nú er gert en 46% segjast vilja leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma.



þarf að leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	66	22	23,1
Nei	220	73,3	76,9
Alls	286	95,3	100
ei svarað	14	4,7	
Alls	300	100	

Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?



Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	137	45,7	46,4
Nei	158	52,7	53,6
Alls	295	98,3	100
Ei svarað	5	1,7	
Alls	300	100	


Flokkun á rusli: 85% nemenda segist alltaf eða oftast flokka rusl í skólanum á meðan 15% þeirra segast gera það sjaldan eða aldrei.



Flokkar þú ruslið þitt í skólanum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Alltaf	116	38,7	38,8
Oftast	137	45,7	45,8
Sjaldan	28	9,3	9,4
Aldrei	18	6	6
Alls	299	99,7	100
Ei svarað	1	0,3	
Alls	300	100	


Fararmáti: Tæplega 64% nemenda segist oftast ferðast akandi í skólann, tæplega 25% segjast oftast ferðast með strætó en 12% ferðast oftast gangandi eða hjólandi.



Hvernig ferð þú oftast í skólann?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Akandi	187	62,3	63,6
Í strætó	72	24	24,5
Gangandi	29	9,7	9,9
Hjólandi	6	2	2
Alls	294	98	100
Ei svarað	6	2	
Alls	300	100	


Gagnsemi umsjónartíma: Rétt rúmlega helmingur nemenda segir umsjónatíma gagnlega og tæplega helmingur neitar því að þeir séu gagnlegir.



Finnst þér umsjónartímarnir gagnlegir?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	146	48,7	50,7
Nei	142	47,3	49,3
Alls	288	96	100
Ei svarað	12	4	
Alls	300	100	


Skemmtanir nemendafélagsins: Tæplega 60 % nemenda segist ekki hafa farið á skemmtanir nemendafélagsins utan skólatíma en rétt rúmlega 40% segist hafa gert það.



Hefur þú farið á skemmtun á vegum nemendafélagsins utan skólatíma?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já, einu sinni til tvisvar	59	19,7	19,8
Já, þrisvar til fjórum sinnum	34	11,3	11,4
Já, fimm sinnum eða oftár	27	9	9,1
Nei	178	59,3	59,7
Alls	298	99,3	100
Ei svarað	2	0,7	
Alls	300	100	

Hádegismatur á skólatíma: Þriðjungur nemenda segja algengast að þeir komi með hádegismat að heiman og tæplega þriðjungur segist kaupa hann í skólasjoppunni. 13% þeirra segja að algengast sé að þeir kaupi hann í mötuneyti skólans en 21% segjast kaupa hann annars staðar.




Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Kem með hann að heiman	92	30,7	33
Í mötuneytinu	37	12,3	13,3
Skólasjoppunni	90	30	32,3
Annars staðar	60	20	21,5
Alls	279	93	100
Ei svarað	21	7	
Alls	300	100	

Lokamat í áföngum: Rúmlega helmingur nemenda segist vilja hafa lokamat í áföngum án lokaprófs. Rúmlega fjórðungur segist vilja að lokapróf gildi 40% eða minna en tæplega 15% segist vilja að lokapróf gildi meira en 40%. 7,5% nefna annað en ofantalið og var þá oftast nefnt símat með möguleika á að taka lokapróf.

Hvernig vilt þú hafa lokamat í áföngum?			
	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mat þar sem lokapróf gildir meira en 40%	43	14,3	14,7
Mat þar sem lokapróf gildir 40% eða minna	80	26,7	27,4
Mat án lokaprófs	147	49	50,3
Aðann	22	7,3	7,5
Alls	292	97,3	100
Ei svarað	8	2,7	
Alls	300	100	




Svörun eftir kynjum

Aldur: Karlar eru fleiri í yngstu aldurshópunum og konur eru fleiri í elstu aldurshópunum. Það kemur heim og saman við að konur eru í yfirgnæfandi meirihluta á heilbrigðissviði þar sem mest er um eldri nemendur.

Hvert er kyn þitt? * Hvaða ár ertu fædd/ur?


	Hvaða ár ertu fædd/ur?						Alls
	1995 eða síðar	1993-1994	1991-1992	1989-1990	1987-1988	1986 eða fyrr	
kk	17	38	25	22	11	7	120
kk (%)	14,20%	31,70%	20,80%	18,30%	9,20%	5,80%	100,00%
kvk	19	45	41	23	17	34	179
kvk (%)	10,60%	25,10%	22,90%	12,80%	9,50%	19,00%	100,00%
Alls	36	83	66	45	28	41	299
Alls (%)	12,00%	27,80%	22,10%	15,10%	9,40%	13,70%	100,00%



Brautir: Konur eru í yfirgnæfandi meirihluta á heilbrigðissviði og á málabraut. Annars er ekki mikill munur á hlutföllum kynja eftir brautum.

Hvert er kyn þitt? * Á hvaða braut ert þú?


	Á hvaða braut ert þú?							Alls
	Almenn braut/ framhaldsskólabraut	Félagsfræða braut	Náttúrufræði braut	Málabraut	Viðskipta-og hagfræðibraut	Heilbrigðis skólinn	Annað	
kk	13	57	27	6	11	4	2	120
kk (%)	10,80%	47,50%	22,50%	5,00%	9,20%	3,30%	1,70%	100,00%
kk á braut	59,10%	47,90%	43,50%	20,00%	52,40%	9,50%	66,70%	40,10%
kvk	9	62	35	24	10	38	1	179
kvk (%)	5,00%	34,60%	19,60%	13,40%	5,60%	21,20%	0,60%	100,00%
kvk á braut	40,90%	52,10%	56,50%	80,00%	47,60%	90,50%	33,30%	59,90%
Alls	22	119	62	30	21	42	3	299
Alls (%)	7,40%	39,80%	20,70%	10,00%	7,00%	14,00%	1,00%	100,00%
Alls á braut	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%



Námsgengi: Tæplega helmingur nemenda náði öllum einingum sem þeir lögðu upp með á önninni á undan. Konur ná frekar settu marki en karlar.

Hvert er kyn þitt? * Náðir þú öllum einingum sem þú lagðir upp með í dagskóla á síðustu önn?


	Náðir þú öllum einingum sem þú lagðir upp með í dagskóla á síðustu önn?		Alls
	Já	Nei	
kk	48	60	108
kk (%)	44,40%	55,60%	100,00%
kvk	82	82	164
kvk (%)	50,00%	50,00%	100,00%
Alls	130	142	272
Alls (%)	47,80%	52,20%	100,00%



Líðan í skóla: Langflestum nemendum líður vel eða mjög vel í skólanum en konur eru ívið líklegri til að líða mjög vel.

Hvert er kyn þitt? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?


	Hvernig líður þér almennt í skólanum?				Alls
	Mjög vel	Vel	Illa	Mjög illa	
kk	32	79	8	1	120
kk (%)	26,70%	65,80%	6,70%	0,80%	100,00%
kvk	55	116	5	1	177
kvk (%)	31,10%	65,50%	2,80%	0,60%	100,00%
Alls	87	195	13	2	297
Alls (%)	29,30%	65,70%	4,40%	0,70%	100,00%



Svefn: Nemendur eru líklegastir til að fara að sofa um miðnætti. Karlar eru þó mun líklegri til að fara að sofa eftir miðnætti en 46% þeirra segjast gera það en aðeins 18% kvenna.

Hvert er kyn þitt? * Hvenær ferðu vanalega að sofa á virkum dögum?


	Hvenær ferðu vanalega að sofa á virkum dögum?						Alls
	Fyrir kl 23	Um kl 23	Um kl 23:30	Um miðnætti	Um 00:30	Um 01 eða seinna	
kk	5	16	14	30	25	30	120
kk (%)	4,20%	13,30%	11,70%	25,00%	20,80%	25,00%	100,00%
kvk	20	44	28	51	14	18	175
kvk (%)	11,40%	25,10%	16,00%	29,10%	8,00%	10,30%	100,00%
Alls	25	60	42	81	39	48	295
Alls (%)	8,50%	20,30%	14,20%	27,50%	13,20%	16,30%	100,00%



Tóbaksneysla: 30% karla og 23% kvenna segist neyta tóbaks daglega. Ekki var spurt um tegund tóbaks.

Hvert er kyn þitt? * Neytir þú tóbaks daglega?


	Neytir þú tóbaks daglega?		Alls
	Já	nei	
kk	36	84	120
kk (%)	30,00%	70,00%	100,00%
kvk	40	137	177
kvk (%)	22,60%	77,40%	100,00%
Alls	76	221	297
Alls (%)	25,60%	74,40%	100,00%



Þolendur eineltis: Þriðjungur karla og næstum 40% kvenna telja sig hafa orðið fyrir einelti á skólagöngunni. Eineltið er miklu algengara í grunnskólum en í framhaldsskólum. Ellefu nemendur segjast hafa orðið fyrir einelti í framhaldsskóla og í 10 af þeim tilvikum hafði eineltið líka átt sér stað í grunnskóla.

Hvert er kyn þitt? * Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?


	Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?				Alls
	Já í grunnskóla	Já í framhaldsskóla	Já í báðum	Nei	
kk	35	0	3	82	120
kk (%)	29,20%	0,00%	2,50%	68,30%	100,00%
kvk	61	1	7	109	178
kvk (%)	34,30%	0,60%	3,90%	61,20%	100,00%
Alls	96	1	10	191	298
Alls (%)	32,20%	0,30%	3,40%	64,10%	100,00%



Gerendur eineltis: 36% karla segist hafa verið gerendur í einelti á meðan 32% sögðust hafa verið þolendur. Fjórðungur kvenna (25%) segist hafa lagt einhvern í einelti á skólagöngu þinni á meðan 39% sögðust hafa verið þolendur.

Hvert er kyn þitt? * Telur þú þig hafa lagt einhvern í einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?


	Telur þú þig hafa lagt einhvern í einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni?				Alls
	Já í grunnskóla	Já í framhaldsskóla	Já í báðum	Nei	
kk	39	1	3	77	120
kk (%)	32,50%	0,80%	2,50%	64,20%	100,00%
kvk	37	1	7	133	178
kvk (%)	20,80%	0,60%	3,90%	74,70%	100,00%
Alls	76	2	10	210	298
Alls (%)	25,50%	0,70%	3,40%	70,50%	100,00%



Jafnréttisfræðsla: 27% kvenna segja að leggja þurfi meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert. 18% karla segja að leggja þurfi meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfinu.

Hvert er kyn þitt? * Þarf að leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert


	Þarf að leggja meiri áherslu á jafnrétti kynjanna í skólastarfi FÁ en nú er gert		Alls
	Já	Nei	
kk	21	95	116
kk (%)	18,10%	81,90%	100,00%
kvk	45	125	170
kvk (%)	26,50%	73,50%	100,00%
Alls	66	220	286
Alls (%)	23,10%	76,90%	100,00%



Fordómafræðsla: Mun fleiri karlar og konur telja að leggja þurfi meiri áherslu á fræðslu um fordóma en á fræðslu um jafnrétti kynja. Meira en helmingur kvenna telur að leggja þurfi áherslu á fræðslu um fordóma og 36% karla telja að gera þurfi það.

Hvert er kyn þitt? * Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?


	Þarf að leggja meiri áherslu á fræðslu um fordóma í skólastarfi FÁ en nú er gert?		Alls
	Já	Nei	
kk	42	76	118
kk (%)	35,60%	64,40%	100,00%
kvk	94	82	176
kvk (%)	53,40%	46,60%	100,00%
Alls	136	158	294
Alls (%)	46,30%	53,70%	100,00%



Flokkun á rusli: 90% kvenna segist oftast eða alltaf flokka rusl í skólanum og 78% karla segist gera það.

Hvert er kyn þitt? * Flokkar þú ruslið þitt í skólanum?


	Flokkar þú ruslið þitt í skólanum?				Alls
	Alltaf	Oftast	Sjaldan	Aldrei	
kk	45	48	16	11	120
kk (%)	37,50%	40,00%	13,30%	9,20%	100,00%
kvk	71	89	12	6	178
kvk (%)	39,90%	50,00%	6,70%	3,40%	100,00%
Alls	116	137	28	17	298
Alls (%)	38,90%	46,00%	9,40%	5,70%	100,00%



Fararmáti: Fimmti hver karlmaður segist koma gangandi eða hjólandi í skólann en 7% kvenna segist gera það. Rétt rúmlega 70% kvenna segist koma akandi og rétt rúmlega 50% karla segjast koma akandi.

Hvert er kyn þitt? * Hvernig ferð þú oftast í skólann?


	Hvernig ferð þú oftast í skólann?				Alls
	Akandi	Í strætó	Gangandi	Hjólandi	
kk	60	34	19	4	117
kk (%)	51,30%	29,10%	16,20%	3,40%	100,00%
kvk	126	38	10	2	176
kvk (%)	71,60%	21,60%	5,70%	1,10%	100,00%
Alls	186	72	29	6	293
Alls (%)	63,50%	24,60%	9,90%	2,00%	100,00%



Gagnsemi umsjónartíma: Rúmlega helmingur kvenna og tæplega helmingur karla segir umsjónartíma í skólanum gagnlega.

Hvert er kyn þitt? * Finnst þér umsjónartímarnir gagnlegir?


	Finnst þér umsjónartímarnir gagnlegir?		Alls
	Já	Nei	
kk	54	62	116
kk (%)	46,60%	53,40%	100,00%
kvk	92	80	172
kvk (%)	53,50%	46,50%	100,00%
Alls	146	142	288
Alls (%)	50,70%	49,30%	100,00%



Skemmtanir nemendafélagsins: Ekki er mikill munur kynja á því hvort farið hafi verið á skemmtun á vegum nemendafélagsins. Rúmlega 60% kvenna og tæplega 60% karla hefur gert það.

Hvert er kyn þitt? * Hefur þú farið á skemmtun á vegum nemendafélagsins utan skólatíma?


	Hefur þú farið á skemmtun á vegum nemendafélagsins utan skólatíma?				Alls
	Já, einu sinni til tvisvar	Já, þrisvar til fjórum sinnum	Já, fimm sinnum eða oftár	Nei	
kk	26	13	11	70	120
kk (%)	21,70%	10,80%	9,20%	58,30%	100,00%
kvk	33	21	16	107	177
kvk (%)	18,60%	11,90%	9,00%	60,50%	100,00%
Alls	59	34	27	177	297
Alls (%)	19,90%	11,40%	9,10%	59,60%	100,00%



Lokamat í áföngum: Ekki er mikill kynjamunur á afstöðu til lokamats í áföngum. Rúmlega helmingur kvenna og tæplega helmingur karla vilja lokamat án lokprófs. Karlar (18%) vilja fremur en konur (12%) mat þar sem lokapróf gildir meira en 40%. Samtals 8% völdu annað og nefndu þá oft símat með möguleika á að taka lokapróf.

Hvert er kyn þitt? * Hvernig vilt þú hafa lokamat í áföngum?


	Hvernig vilt þú hafa lokamat í áföngum?				Alls
	Mat þar sem lokapróf gildir meira en 40%	Mat þar sem lokapróf gildir 40% eða minna	Mat án lokaprófs	Annað	
kk	21	26	56	15	118
kk (%)	17,80%	22,00%	47,50%	12,70%	100,00%
% of Alls	7,20%	8,90%	19,20%	5,20%	40,50%
kvk	21	54	91	7	173
kvk (%)	12,10%	31,20%	52,60%	4,00%	100,00%
% of Alls	7,20%	18,60%	31,30%	2,40%	59,50%
Alls	42	80	147	22	291
Alls (%)	14,40%	27,50%	50,50%	7,60%	100,00%



Hádegismatur á skólatíma: Algengast er að konur komi með mat sinn að heiman og að karlar kaupi hann annars staðar en í mötuneyti/skólasjoppu. Þegar miðað er við aðra möguleika er sjaldgæfast að bæði karlar (17%) og konur (11%) kaupi oftast hádegismat í mötuneytinu.

Hvert er kyn þitt? * Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?

	Hvar kaupir þú oftast hádegismat á skólatíma?				Alls
	Kem með hann að heiman	Í mötuneytinu	Skólasjoppunni	Annars staðar	
kk	26	19	29	40	114
kk (%)	22,80%	16,70%	25,40%	35,10%	100,00%
kvk	66	18	61	20	165
kvk (%)	40,00%	10,90%	37,00%	12,10%	100,00%
Alls	92	37	90	60	279
Alls (%)	33,00%	13,30%	32,30%	21,50%	100,00%



Lýðheilsustefna


Líðan í skóla

Kyn og líðan í skóla.

Langflestir nemendur segjast almennt líða mjög vel eða vel í skólanum. Þrettán nemendur segja þó að þeim líði illa og tveir að þeim af þeim að þeim líði mjög illa. Þannig segist einn nemandi af hverju tuttugu líða illa eða mjög illa. Stúlkur segja almennt frekar en piltar að þeim líði mjög vel og síður að þeim líði illa eða mjög illa.

Hvert er kyn þitt? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Ill og mjög illa	
kk	32	79	9	120
kk (%)	26,70%	65,80%	7,50%	100,00%
kvk	55	116	6	177
kvk (%)	31,10%	65,50%	3,40%	100,00%
Alls	87	195	15	297
Alls (%)	29,30%	65,70%	5,10%	100,00%




Í könnun sem gerð var árið 2011 sögðu fleiri en nú að þeim líði mjög vel í skólanum. Hlutfall þeirra sem segist líða mjög vel í skólanum hefur þannig lækkað um tíu prósent, úr tæpum 40% í tæp 30%. Þá eins og nú segjast stúlkur frekar en piltar að þeim líði mjög vel í skólanum.

Aldur og líðan í skóla.

Hærri aldur fer almennt saman við betri líðan.

Hvaða ár ert þú fædd(ur)? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Ill og mjög illa	
1993 eða síðar	29	78	11	118
1993 eða síðar (%)	24,60%	66,10%	9,30%	100,00%
1991-1992	16	47	2	65
1991-1992 (%)	24,60%	72,30%	3,10%	100,00%
1990 eða fyrr	42	71	2	115
1990 eða fyrr (%)	36,50%	61,70%	1,70%	100,00%
Alls	87	196	15	298
Alls (%)	29,20%	65,80%	5,00%	100,00%




Námsbrautir og líðan í skóla.

Nemendur á heilbrigðisbrautum eru líklegastir til að segja að þeim líði mjög vel eða vel í skólanum og ólíklegastir til að segja að þeim líði illa og mjög illa. Enginn 42 nemenda í heilbrigðisskóla segist líða illa né mjög illa. Þetta fer saman við að góð líðan tengist aldri og kyni en nemendur á heilbrigðisbrautum eru flestir kvenkyns og almennt eldri en nemendur á öðrum brautum.

Á hvaða braut ert þú? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Ill og mjög illa	
Almenn braut / Framhaldsskólabraut	7	15	1	23
Almenn braut / Framhaldsskólabraut (%)	30,40%	65,20%	4,30%	100,00%
Stúdentsprófsbrautir	56	160	14	230
Stúdentsprófsbrautir (%)	24,30%	69,60%	6,10%	100,00%
Heilbrigðisskólinn	23	19	0	42
Heilbrigðisskólinn (%)	54,80%	45,20%	0,00%	100,00%
Aðrar brautir	1	2	0	3
Aðrar brautir (%)	33,30%	66,70%	0,00%	100,00%
Alls	87	196	15	298
Alls (%)	29,20%	65,80%	5,00%	100,00%




Námsgengi og líðan í skóla.

Nemendur sem segjast hafa náð einingamarkmiðum sínum líður betur í skólanum en þeim sem ekki náðu þeim einingum sem þeir stefndu að.

Náðir þú öllum einingum sem þú lagðir upp með í dagskóla á síðustu önn? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Ill og mjög illa	
Já	50	77	3	130
Já (%)	38,50%	59,20%	2,30%	100,00%
Nei	31	99	11	141
Nei (%)	22,00%	70,20%	7,80%	100,00%
Alls	81	176	14	271
Alls (%)	29,90%	64,90%	5,20%	100,00%




Tóbaksnotkun og líðan í skóla.

Tóbaksnotkun hefur lítil áhrif á líðan í skóla.

Neytir þú tóbaks daglega? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Illá og mjög illa	
Já	21	52	3	76
Já (%)	27,60%	68,40%	3,90%	100,00%
Nei	66	141	12	219
Nei (%)	30,10%	64,40%	5,50%	100,00%
Alls	87	193	15	295
Alls (%)	29,50%	65,40%	5,10%	100,00%




Einelti og líðan í skóla.

Nemendur sem hafa orðið fyrir einelti líður að jafnaði ekki eins vel í skólanum og þeim sem ekki hafa verið lagðir í einelti. 22% þeirra sem hafa verið lagðir í einelti á einhverju stigi skólagöngunnar segjast líða mjög vel í skóla móti 33% þeirra sem ekki hafa verið lagðir í einelti.

Telur þú þig hafa orðið fyrir einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?


	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Illu og mjög illa	
Já í grunnskóla	22	68	5	95
Já í grunnskóla (%)	23,20%	71,60%	5,30%	100,00%
Já í framhaldsskóla	0	0	1	1
Já í framhaldsskóla (%)	0,00%	0,00%	100,00%	100,00%
Já í báðum	1	7	2	10
Já í báðum (%)	10,00%	70,00%	20,00%	100,00%
Nei	63	120	7	190
Nei (%)	33,20%	63,20%	3,70%	100,00%
Alls	86	195	15	296
Alls (%)	29,10%	65,90%	5,10%	100,00%



Nemendur sem hafa verið gerendur í einelti líður að jafnaði ekki eins vel í skólanum og þeim sem ekki hafa verið gerendur í einelti. 24% þeirra sem segjast hafa lagt einhvern í einelti á einhverju stigi skólagöngunnar segjast líða mjög vel í skóla móti 31% þeirra sem ekki hafa verið gerendur.

Telur þú þig hafa lagt einhvern í einelti einhvern tímann á skólagöngu þinni? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Illu og mjög illa	
Já í grunnskóla	18	56	1	75
Já í grunnskóla (%)	24,00%	74,70%	1,30%	100,00%
% of Alls	6,10%	18,90%	0,30%	25,30%
Já í framhaldsskóla	0	1	1	2
Já í framhaldsskóla (%)	0,00%	50,00%	50,00%	100,00%
% of Alls	0,00%	0,30%	0,30%	0,70%
Já í báðum	3	4	3	10
Já í báðum (%)	30,00%	40,00%	30,00%	100,00%
% of Alls	1,00%	1,40%	1,00%	3,40%
Nei	65	134	10	209
Nei (%)	31,10%	64,10%	4,80%	100,00%
% of Alls	22,00%	45,30%	3,40%	70,60%
Alls	86	195	15	296
Alls (%)	29,10%	65,90%	5,10%	100,00%
% of Alls	29,10%	65,90%	5,10%	100,00%




Fararmáti og líðan í skóla.

Margir gætu talið það að fara gangandi eða hjólandi í skólann vera merki um heilbrigðari lífshætti en að fara þangað akandi eða í strætó. Þetta fer þó ekki saman við góða líðan í skólanum. Rúmlega þriðjungur þeirra nemenda sem fara gangandi eða í strætó (34%) segjast líða mjög vel í skólanum á móti rúmlega einum tíunda (11%) þeirra sem fara gangandi eða hjólandi í skólann.

Hvernig ferð þú oftast í skólann? * Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Ill og mjög illa	
Akandi	60	116	9	185
Akandi (%)	32,40%	62,70%	4,90%	100,00%
Í strætó	22	47	3	72
Í strætó (%)	30,60%	65,30%	4,20%	100,00%
Gangandi	3	24	2	29
Gangandi (%)	10,30%	82,80%	6,90%	100,00%
Hjólandi	1	4	1	6
Hjólandi (%)	16,70%	66,70%	16,70%	100,00%
Alls	86	191	15	292
Alls (%)	29,50%	65,40%	5,10%	100,00%




Skemmtanir nemendafélagsins og líðan í skóla.

Tengsl við skólabrag eru oft talin valda góðri líðan í skólanum. Ekki er þó að sjá tengsl milli þess að hafa farið á skemmtun á vegum nemendafélagsins og góðri líðan í skólanum.

Hefur þú farið á skemmtun á vegum nemendafélagsins utan skólatíma? *
Hvernig líður þér almennt í skólanum?

	Hvernig líður þér almennt í skólanum?			Alls
	Mjög vel	Vel	Illu og mjög illa	
Já, einu sinni til tvisvar	17	39	3	59
Já, einu sinni til tvisvar (%)	28,80%	66,10%	5,10%	100,00%
Já, þrisvar til fjórum sinnum	10	21	3	34
Já, þrisvar til fjórum sinnum (%)	29,40%	61,80%	8,80%	100,00%
Já, fimm sinnum eða oftar	8	18	1	27
Já, fimm sinnum eða oftar (%)	29,60%	66,70%	3,70%	100,00%
Nei	52	116	8	176
Nei (%)	29,50%	65,90%	4,50%	100,00%
Alls	87	194	15	296
Alls (%)	29,40%	65,50%	5,10%	100,00%




Hádegismatur á skólatíma og líðan í skólanum.

